

Ávarp á íslenskuhátið

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra,
Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands,
góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin til þessarar hátiðar íslenskuskorar og Mímis á degi íslenskrar tungu og 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar. Í upphafi vil ég taka fram að frumkvæði að þessari hátið kom frá stúdentum, þeir hafa mótað hana að öllu leyti og nær allur undirbúningur hefur hvílt á herðum þeirra. Fyrir hönd íslenskuskorar vil ég þakka stúdentum sérstaklega fyrir þetta framtak og þá glæsilegu dagskrá sem við eigum hér í vændum. Ég ætla ekkert að tala um Jónas – það gera aðrir sem eru betur til þess fallnir. Ég ætla hins vegar að fara nokkrum orðum um það hvernig íslenskuskor vinnur í anda Jónasar að ræktun og eflingu íslensks máls og bókmennta. Ábyrgð okkar á því sviði er mikil, því að þótt háskólum hafi fjölgað ört á undanförmum árum hefur íslenskudeildum ekki fjölgað – Háskóli Íslands er enn eini skólinn þar sem íslenska er kennd sem sjálfstæð grein. Þeim mun mikilvægara er að við sinnum því hlutverki sem okkur er falið.

Fyrir ári hefði þetta ávarp líklega verið tómur barlómur. Eins og flestir vita hefur íslenskuskor farið mjög halloka í fjárhagsþrengingum Háskólans undanfarin ár. Kennurum hefur fækkað og meðalaldur þeirra hækkað. En nú eru bjartari tímar framundan, ekki síst vegna samnings Háskólans og menntamálaráðuneytisins sem undirritaður var 11. janúar sl.

Um þessar mundir er verið að ráða tvo nýja lektora að skorinni, annan í íslenskum miðaldabókmenntum og hinn í íslenskum bókmenntum fyrir erlenda stúdenta. Við hljótum að gera ráð fyrir að fleiri ný störf bætist við á næstunni. Það er meginatriði að ungir og efnilegir fræðimenn í íslensku máli og bókmenntum geti fengið störf við skorina fljótlega að loknu námi en þurfi ekki að stilla sér aftast í biðröðina og lifa á snöpum í þeirri von að fá kannski fast starf þegar þeir eru komnir um fimmtugt. Slíkar aðstæður virka ekki hvetjandi á það unga fólk sem nú er í námi og veltir fyrir sér hvort það eigi að fara í framhaldsnám.

En það er ekki markmið í sjálfu sér að fjölga kennurum – meginatriðið er auðvitað að efla og styrkja kennslu og rannsóknir á íslensku máli og bókmenntum, brydda upp á nýjungum og sækja fram. Ýmsir vaxtarbroddar hafa komið fram í starfi skorarinnar á síðustu árum en þeir hafa flestir verið heldur kyrkingslegir vegna viðvarandi fjárskorts. Nú gefst færi á að hleypa í þá nýju lífi og það er mikill hugur bæði í kennurum og stúdentum. Hér drep ég á fáein svið þar sem nýir möguleikar opnast og skorin vinnur af krafti í þágu íslensks máls og bókmennta í anda Jónasar.

Íslenskuskor var brautryðjandi í fjarkennslu innan Háskólans og íslenska hefur til skamms tíma verið eina greinin þar sem hægt hefur verið að ljúka BA-prófi í fjarnámi. Þessi möguleiki hefur skipt miklu máli fyrir fólk víða um land og gert mörgum kleift að fara í nám sem þeim hefði ekki staðið til boða að öðrum kosti. Í stefnu Háskólans sem samþykkt var í fyrra, svo og í samningi skólans við menntamálaráðuneytið, er gert ráð fyrir að fjarkennsla verði eflað í völdum greinum. Íslenskuskor hefur fullan hug á að styrkja fjarkennslu sína og breyttar aðstæður í fjármálum munu væntanlega auðvelda það.

Íslenskuskor hóf fyrir 20 árum að kenna þá grein sem sumir kalla skapandi skrif en við höfum nefnt ritlist. Undanfarin ár hefur ritlistin verið kennd sem aukagrein til 30 eininga, en á námskynningum og víðar höfum við orðið vör við mjög mikinn áhuga á greininni. Skorin hefur því á þrjónunum að gera ritlistina að aðalgrein frá og með næsta háskólaári, og í fjárhagsáætlun sinni fyrir næsta ár óskaði hún eftir heimild til að ráða lektor í ritlist. Kunnátta á þessu sviði getur nýst í ýmsum störfum og ritlistin er örugglega einn af helstu vaxtarbroddum skorarinnar. Einnig er nýlega hafið meistaranám í hagnýtri ritstjórn og útgáfustörfum í samstarfi við bókmenntafræði- og málvísindaskor. Samvinna er höfð við fyrirtæki í fjölmiðlun og bókaútgáfu þar sem nemendur fá hagnýta starfsþjálfun.

Það skiptir miklu máli fyrir framtíð íslenskunnar að hún sé nothæf innan tölvu- og upplýsingatækni. Fyrir fimm árum var að frumkvæði menntamálaráðuneytisins tekið upp þverfaglegt meistaranám í tungutækni við Háskóla Íslands, og vistað innan íslenskuskorar. Þetta var liður í tungutækniáætlun menntamálaráðuneytisins frá 2001-2004. Þegar þeirri áætlun lauk lagðist námið af um hríð vegna skorts á fé og kennurum. Í haust hófst námið á ný, nú í samvinnu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, og í tengslum við Norræna tungutækniháskólann, sem fjármagnaður er af NordForsk. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og á vonandi eftir að skila miklum árangri.

Auk þess að kenna íslensku sem móðurmál sinnir íslenskuskor kennslu í íslensku sem erlendu máli. Sá þáttur í starfi skorarinnar hefur farið ört vaxandi á síðustu árum, m.a. vegna mikillar fjölgunar erlendra stúdenta við Háskóla Íslands. Skorin fagnaði því sérstaklega þegar ríkisstjórnin samþykkti í fyrra að veita 100 milljónir króna til íslenskukennslu útlendinga á þessu ári. Jafnframt lagði hún áherslu á að til að verkefnið skili til-ætlunum árangri er nauðsynlegt að gera átak í að mennta kennara á þessu sviði og stórefla rannsóknir á máltileinkun og kennslufræði íslensku sem erlends máls. Innan íslenskuskorar hefur verið byggð upp mikil þekking í þeim efnum. Mikilvægt er að nýta þá vinnu og byggja á henni til að árangur verkefnisins verði sem bestur. Í erindi hér á eftir verður sagt frá tveimur nýjum námskeiðum á þessu sviði sem kennd verða á vormisseri.

Um mitt næsta ár sameinast Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn, sem þá verður að menntavísindasviði sameinaðs háskóla. Þótt enn sé ýmislegt óljóst um útfærslu þeirrar sameiningar er víst að hún mun hafa veruleg áhrif á íslenskuskor, vonandi öll til góðs. Líklegt er að nemendur í framhaldsnámi á menntavísindasviði muni sækja ýmis námskeið til okkar, og nemendur íslenskuskorar ættu einnig að geta sótt ýmislegt til menntavísindasviðs. Þar er vösk sveit íslenskukennara sem við ætlum að starfa náið með, og þegar hefur verið stofnað óformlegt samstarfsfagráð sem er farið að ræða fyrirkomulag væntanlegs samstarfs og samvinnu.

Það var mikið fagnaðarefni þegar háskólaráð samþykkti í vor að íslenskuskor skyldi ætlaður staður í nýrri byggingu með Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar verða skrifstofur allra kennara skorarinnar, kennslustofur og rannsóknaraðstaða. Þar opnast nýir möguleikar á margvíslegri samvinnu við hina sameinuðu stofnun auk þess sem greiður aðgangur verður að hinum fjölbreyttu bóka-, handrita- og gagnasöfnum hennar, og Þjóðarþókkhlaðan að auki steinsnar frá. Það er tilhlökkunarefni að komast í þetta hús, vonandi á 200 ára afmæli annars stórmennis Íslandssögunnar, Jóns Sigurðssonar.

Allt er þetta samt til lítils ef við höfum ekki áhugasama og duglega stúdent. Á þeim er enginn skortur um þessar mundir, eins og þessi hátíðarsamkoma ber glöggvitni um. Við erum svo lánsöm að hafa núna í skorinni stóran hóp sérlegra áhugasamra stúdent sem eru tilbúnir að leggja mikið á sig í náminu og hafa mikinn metnað fyrir hönd greinarinnar. Á kennurum hvílir sú skylda að viðhalda þessum áhuga, fá stúdent í framhaldsnám og gera þeim kleift að sinna náminu sem best, s.s. með því að afla styrkja, fá stúdent til þátttöku í rannsóknarverkefnum, skrifa með þeim greinar, taka þá með á ráðstefnur, o.s.frv.

2007 hefur verið ár mikils umróts í íslenskuskor, eins og víðast í Háskólanum. Kringum áramótin fór mikil vinna í að skilgreina námsviðmið allra námsleiða innan skorarinnar í tengslum við umsókn Háskólans um viðurkenningu á námi á hugvísindasviði. Í framhaldi af því vinna bæði íslenska og íslenska fyrir erlenda stúdent nú að því að endurskoða námsskipan greinanna. Nú stendur yfir vinna við að skipta hugvísindasviði í deildir og á þeirri vinnu að ljúka um næstu mánaðamót. Enn er óvíst hver niðurstaðan verður, en íslenskuskor hefur lýst þeirri eindregnu ósk að verða sérstök deild á hugvísindasviði og telur sig hafa alla burði til þess, auk þess sem bæði fagleg rök og væntanlegur flutningur skorarinnar í nýtt hús íslenskra fræða mæli með þessari niðurstöðu.

Það ríkir bjartsýni í íslenskuskor þessa dagana og við sjáum sóknarfæri víða – nú er það okkar allra að nýta þau.